

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþingi ytra

Garðabæ, 3. janúar 2019

Efni: Breytingar á deiliskipulagi í Gaddstaðalandi

Með bréfi skipulags- og byggingarfulltrúa, dags. 17.12. sl. er okkur tilkynnt um fyrirhugað nýtt deiliskipulag fyrir íbúða- og frístundabyggð í Gaddstaðalandi og fylgir bréfinu lýsing á skipulagsáætluninni.

Í lýsingunni kemur m.a. fram að á svæðinu séu í gildi tvö deiliskipulög, annars vegar deiliskipulag frá 1999 fyrir svæðið austan aðkomuvegar að svæðinu (við Hróarslæk) með breytingum frá árunum 2009 og 2012 og hins vegar deiliskipulag frá 2014 fyrir frístundabyggð vestan aðkomuvegar. Þá kemur fram að með tilkomu nýs deiliskipulags fyrir svæðið verði eldri skipulög felld úr gildi. Frestur er veittur til 5. janúar n.k. til að koma að athugasemdum eða ábendingum. Ekki fylgja bréfinu eða lýsingunni neindir uppdráttir að hinu nýja skipulagi eða þeim breytingum sem ráðgerðar eru.

Við undirritaðir eigendur að frístundalóðum í Gaddstaðalandi óskum hér með eftir nánari upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulaginu. Nánar tiltekið óskum við eftir uppdráttum, ef mögulegt er, af svæðinu í heild með fyrirhuguðum breytingum, þ.e. lóðum og aðkomuleiðum að lóðum allt frá Þjóðvegi. Þá er óskað sérstaklega eftir nánari upplýsingum um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi frístundabyggðar austan aðkomuvegar, annars vegar frístundalóða og hins vegar íbúðalóða.

Með bestu kveðjum,

Ólafur Nilsson
Eigandi lóða 7, 8a og 8b,

Eiríkur Haraldsson
Eigandi lóða 9a, 9b, 9c, 10a og 10b